

# Lykilstarfsmenn Stefnis hf. og hæfi þeirra

## 1. Markmið

Einn mikilvægasti grundvöllur heilbrigðra og eðlilegra viðskiptaháttu fjármálafyrirtækis er hæfi og heilindi lykilstarfsmanna þess. Af þeim sökum er nauðsynlegt að gætt sé að hæfi lykilstarfsmanna með svipuðum hætti gætt er að hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna.

Stefnir hf. leggur sérstaka áherslu á að lykilstarfsmenn búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Reglur þessar tilgreina hvaða starfsmenn félagsins teljast lykilstarfsmenn og hvaða hæfniskröfur eru gerðar eru til þeirra.

## 2. Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins (FME)

Tilmæli FME nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna tilgreina kröfur til fjármálafyrirtækja vegna lykilstarfsmanna og er reglum þessum ætlað að uppfylla ákvæði tilmælanna.

## 3. Lykilstarfsmenn Stefnis hf.

Í 8. tölulið 1. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er eftirfarandi skilgreining:

*„Lykilstarfsmaður: Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.“*

Lykilstarfsmenn Stefnis hf. eru eftirtaldir starfsmenn:

- a) Forstöðumenn
- b) Staðgengill framkvæmdastjóra
- c) Rekstrarstjóri

## 4. Hæfisskilyrði

Lykilstarfsmaður skal uppfylla eftirtalín hæfisskilyrði:

- Hann skal vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota.
- Hann má ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
- Fjárhagslega sjálfstæður og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Jafnframt skal lykilstarfsmaður búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeiri starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar.
- Má ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni hans til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri félagsins eða að hann muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið.
- Lykilstarfsmaður má ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er tengdur honum né vera starfsmaður, lögmaður eða endurskoðandi annars eftirlitsskylds aðila eða félaga í nánum tengslum, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002.

Stefnir hf. getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum á grundvelli reynslu og bekkingar viðkomandi. Er sú undanþága þó háð samþykki framkvæmdastjóra að fenginni umsögn frá starfsmannasviði Arion banka hf., en sviðið veitir Stefni hf. starfsmannapjónustu skv. útvistunarsamningi dags. 3. janúar 2013.

Verði breytingar á högum lykilstarfsmanns sem leiða til þess að vafi leiki á að einhver framangreindra atriða teljast ekki lengur uppfyllt ber viðkomandi að tilkynna síkt til framkvæmdastjóra, eða staðgengils hans eftir atvikum, án tafar.

## 5. Mat á hæfi

Við mat á hæfi lykilstarfsmanns skal fara fram könnun á trúverðugleika og faglegu hæfi viðkomandi.

### Trúverðugleiki

Kanna skal trúverðugleika lykilstarfsmanns og að viðkomandi sé með óflekkað mannorð. Til staðfestingar á trúverðugleika sínum skal lykilstarfsmaður svara spurningalista og leggja fram sakrvottorð.

### Faglegt hæfi

Menntun og starfsreynsla:

- Kanna skal menntun og starfsreynslu lykilstarfsmanns. Til staðfestingar á menntun sinni skal lykilstarfsmaður leggja fram afrit af viðeigandi prófskírteinum (háskólapróf og löggildingar s.s. í verðbréfamiðlun). Jafnframt skal lykilstarfsmaður leggja fram ferilsskrá.
- Þekking á innri reglum (próf): Kanna skal þekkingu lykilstarfsmanns á innri reglum félagsins. Til staðfestingar á þekkingu sinni skal lykilstarfsmaður ljúka þeim prófum sem boðið er upp á hverju sinni. Þekking á lögum og reglum fjármálamarkaðarins (próf): Kanna skal þekkingu lykilstarfsmanns á lögum og reglum fjármálamarkaðarins. Þekkingin verður staðfest í munnlegu prófi sem byggir á fyrirfram uppgefnum umræðuefnum. Prófendur eru regluvörður Arion banka hf. og prófdómari en Stefni hf. hefur útvistað regluvörslu til regluvörslu Arion banka hf. með samningi dags. 4. nóvember 2009.

Hafi lykilstarfsmaður áður staðist hæfismat. má regluvörður taka tillit til þess, þannig að viðkomandi þurfi annað hvort ekki að þreyta prófið eða aðeins hluta þess.

Í ráðningarfeli í stöðu lykilstarfsmanns skal afla upplýsinga er varða trúverðugleika, menntun og starfsreynslu. Starfsmaður skal ekki ráðinn nema að framangreindir hlutar hæfismatsins standist skoðun. Slík skoðun skal m.a. beinast að starfsferli, m.a. með hliðsjón til rannsóknar opinberra eftirlitsaðila, ákæra, kvartana gegn viðkomandi vegna eftirlitsskyldrar starfsemi o.s.frv.

Prófhlti hæfismats, þ.e. í þekkingu á lögum og reglum fjármálamarkaðarins, skal almennt fara fram innan þriggja mánaða frá því að lykilstarfsmaður hefur störf. Ráðningarsamningur skal háður fyrirvara um að viðkomandi standist prófhluta hæfismatsins. Standist starfsmaður ekki þekkingarhluta matsins gefst honum kostur á að taka þann hluta upp aftur innan tveggja mánaða.

Hæfi þeirra lykilstarfsmanna sem þegar eru í starfi ber að meta innan þriggja mánaða frá setningu reglna þessara.

Starfsmannahald Arion banka hf. skal halda utan um þau gögn sem aflað er vegna hæfismats lykilstarfsmanna, þ. á m. mat á hæfi viðkomandi.



2 / 3  
SÖ

## 6. Hæfismat við sérstakar aðstæður

Fái lykilstarfsmaður réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamaðraði ber honum að tilkynna slíkt til framkvæmdastjóra, eða staðgengils hans eftir atvikum. Við slíkar aðstæður skal stjórn Stefnis hf. ákvarða út frá málsatvikum og hagsmunum félagsins, svo fljótt sem verða má, hvort rétt sé að viðkomandi starfsmaður hverfi úr starfi og hvort um tímabundna eða varanlega ráðstöfun er að ræða.

Standist lykilstarfsmaður ekki mat á hæfi skal hann ekki gegna störfum sínum á meðan svo er ástatt, þó sbr. ákv. 5. gr. Við slíkar aðstæður skal stjórn félagsins ákvarða, út frá aðstæðum, hvort um er að ræða tímabundna eða varanlega ráðstöfun.

## 7. Skráning lykilstjórnanda

Regluvörður Arion banka hf. skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem teljast lykilstarfsmenn Stefnis hf. og hvaða stöðu þeir gegna.

Stjórn Stefnis hf.  
27. september 2013

The image shows four handwritten signatures in blue ink. From top to bottom: 1) "Henni Þóroffsdóttir" in a cursive script; 2) "Inga Bjarnadóttir" in a cursive script; 3) "Sigríður Ólafsson" in a cursive script; 4) "Jóhanna Úlfarsdóttir" in a cursive script. All signatures are written in blue ink on a white background.